





## Kynsjúkdómar ársins 2018

### Sárasótt

Heldur dró úr fjölda þeirra sem greindust með sárasótt á árinu 2018 miðað við árið áður, sjá mynd 1. Engu að síður er tíðnin há. Verulega hefur dregið úr kynjamun frá árinu 2015 en þá voru yfir 90% þeirra sem greindust karlar en á árinu 2018 voru karlar 60% þeirra sem greindust. Þessi faraldur hefur fyrst og fremst tengst körlum sem hafa kynmök við karlmenn en ljóst er að hann er einnig að ná til kvenna. Flestir þeirra sem hafa greinst með sárasótt hafa verið íslenskir ríkisborgarar en á árinu 2018 var skipting sýktra jöfn milli þeirra með erlent og innlent ríkisfang.

### Lekandi

Aukning á fjölda lekandatilfella hélt áfram á árinu 2018, sjá mynd 2. Lekandafaraldurinn er fyrst og fremst innlendur eða í allt að 80% tilvika. Mikill meirihluti þeirra sem greindust árið 2018 eru karlmenn eða 84%. Lekandabakteríur sem eru fjölónæmar fyrir sýklalyfjum eru vaxandi vandamál erlendis og því er það væntanlega tímaspursmál hvenær þær verða það hér á landi.



framh. bls. 2

<b>Efni:</b>	<b>bls.</b>
Kynsjúkdómar ársins 2018.....	1
Inflúensa á haustmánuðum 2018 .....	3
Nóróveirusýking tengd ostrum .....	3
Fræðsludagur um almennar bólusetningar barna .....	4
Sóttvarnadagurinn 2018 .....	4
Ný skýrsla um sýklalyfjaónæmar bakteríur .....	5

### Ritstjórn

Pórolfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.  
Agnes Gísladóttir  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir  
Íris Marelsdóttir  
Júlíana Héðinsdóttir  
Kamilla S. Jósefsdóttir  
Marianna Þórðardóttir

### Ritstjóri

Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

### Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími 5101900  
Bréfasími 5101920  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is





## HIV-sýking

Mikil aukning hefur orðið á fjölda greindra með HIV-sýkingu á árinu 2018, sjá mynd 3. Þess ber þó að geta að af þeim 39 sem greindust voru 30 af erlendu bergi brotnir. Af þeim sem smituðust á árinu smituðust 17 vegna kynmaka gagnkynhneigðra, 14 vegna kynmaka samkynhneigðra og tveir vegna neyslu fíkniefna í æð. Í einu tilfelli var um að ræða smit frá móður til barns á erlendri grund. Talið er að fimm einstaklingar hafi smitast á Íslandi og af þeim hafi tveir smitast vegna fíkniefnaneyslu í æð, tveir vegna samkynhneigðra kynmaka og einn vegna gagnkynhneigðra kynmaka. Ekki er vitað með vissu um smitleiðir annarra.


## Klamydía

Á árinu 2018 fækkaði klamydíusýkingum umtalsvert miðað við árin á undan, sjá mynd 4. Samtals greindust 1634 tilfelli miðað við 2197 tilfelli árið 2017 sem er 26% fækkun. Hugsanlega hafa ekki allar tilkynningar um klamydíu árið 2018 skilað sér enn sem gæti breytt þessari niðurstöðu lítilsháttar. Þar voru konur í meirihluta eða 54%. Klamydían, sem er algengasti kynsjúkdómurinn, skilur sig því frá hinum kynsjúkdómunum hvað varðar kynjahlutfall og tíðni. Engin einhlít skýring er á þessu en hugsanlegt er að sárasótt, lekanda og HIV megi að stórum hluta rekja til karla sem hafa mök við karla.



## Inflúensa á haustmánuðum 2018

Í byrjun ársins 2018 einkenndist árs-tíðarbundni inflúensufaraldurinn af inflúensu A(H3N2). Fljótlega eftir það einkenndist faraldurinn af inflúensu B af Yamagata-stofni allt þar til faraldurinn var að mestu genginn yfir í byrjun apríl 2018. Inflúensa byrjaði aftur að gera vart við sig í október 2018. Fyrstu tilfellin voru að þessu sinni flest tengd hópsýkingu á Selfossi og var það inflúensa A(H3N2) stofn. Í byrjun desember fór svo hin eiginlega árlega inflúensa varlega af stað og hefur skráningum inflúensulíkra einkenna og tilfellum staðfestrar inflúensu fjölgað með svipuðum hætti og undanfarin ár. Lítið hefur verið um inflúensu B fram að þessu en bæði inflúensu A (H1N1) og inflúensu A(H3N2) stofnar hafa verið á kreiki.



## Nóróveirusýking tengd ostrum

Um miðjan nóvember 2018 bárust sóttvarnalækni upplýsingar sem bentu til hópsýkingar eftir sameiginlega máltíð á veitingahúsi í Reykjavík. Aðili úr 18 manna hópi, sem hafði snætt saman fimm dögum áður, gerði viðvart eftir að hann uppgötvaði að flestir úr hópnum höfðu orðið veikir af niðurgangi, uppköstum, hita og beinverkjum um það bil einum og hálfum sólarhring eftir máltíðina. Veikin-din voru missvæsin hjá einstaklingum í

hópnum og stóðu í 2–3 daga. Gerð var tilfella-viðmiðarannsókn á þeim sem snætt höfðu matinn á veitingahúsinu. Leiddi rannsóknin í ljós að sýkinguna mátti rekja til ostra sem mengaðar voru af nóróveiru.

Við rannsókn á sýkingum sem taldar eru að séu frá matvællum er fylgt verklagi í „Leiðbeiningum við rannsókn á matarbornum sjúkdómum“. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur annaðist rannsókn á vettvangi í þessu máli í samráði við Matvælastofnun og sóttvarnalækni. Upplýsingasöfnun leiddi í ljós að á 19 daga tímabili höfðu 54 einstaklingar orðið veikir af nóróveiru í kjölfar neyslu á ostrum.

Ostrurnar, sem um ræðir, eru fluttar inn sem lifandi ungvíði frá Spáni og ræktaðar áfram í nokkur ár í sjókvíum við Ísland og teljast þær því vera íslenskar ostrur. Við rannsókn á ostrunum greindist nóróveira í þeim. Ekki er vítað með vissu hvernig sú mengun hefur orðið en það er vel þekkt að ostrur, sem eru í eðli



sínu mjög hollar og góð fæða, geta mengast í eldi af bæði veirum og bakteríum og valdið sýkingum.

Árið 2018 vann sóttvarnalæknir, í samráði við Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit viðkomandi svæða, að rannsókn fimm hópsýkinga sem taldar eru afleiðing neyslu mengaðra matvæla. Í fjórum tilfellum var nóróveira sýkillinn en það var staðfest í þremur tilfellum en talið líklegt í fjórða tilfellinu. Í fimmta tilvikinu var um salmonellu að ræða. Nóróveira var því algengasta orsök hópsýkinga á árinu 2018 sem tengjast matvælum.

Á heimasíðu sóttvarnalæknis má finna bæklinginn í prentvænu formi „*Komið í veg fyrir smit af nóróveirum*„

## Fræðsludagur um almennar bólu- setningar barna

Þann 31. október 2018 var í annað sinn haldinn fræðsludagur um bólu-  
setningar barna fyrir starfsfólk heilsugæslunnar í landinu.

Fjallað var um árangur bólusetninga á Íslandi, aðgerðir til að efla þátttöku og bæta eftirlit og skráningu bólusetninga, ósætti foreldra varðandi bólusetningar og bóluæfni sem eru í almennri notkun í nágrannalöndum en ekki hér á landi. Fræðsludagurinn var afar vel sóttur en um 200 heil-



brigðisstarfsmenn mættu til fundarins. Fyrirhugað er að viðburðurinn fari fram árlega.

### Komið í veg fyrir smit af nóróveirum

Leiðbeiningar fyrir almenning



## Sóttvarnadagurinn 2018

Þann 19. október 2018 var haldinn sóttvarnadagur í þriðja sinn en fyrst var haldinn sóttvarnadagur árið 2015. Á þessum degi koma saman umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna með starfsfólki sóttvarnalæknis. Á fundinum var farið yfir mörg mál sem tengjast sóttvörnum, svo sem bólu-  
setningar, sýklalyfja-  
notkun, bóluæfni, smitrakningar og tilkynningar um alvarlega smitsjúkdóma. Þá var rætt um heilbrigðisviðbúnað og helstu verkefni um-



dæmis- og svæðislækna sóttvarna þegar lýðheilsuögn er yfirvofandi. Helgi Reynisson hjá Neyðarlínunni var með stutt erindi um Tetra fjarskipti og í lok sóttvarnadags fór




fram stutt skrifborðsæfing er varðaði fyrstu viðbrögð eftir að hópsýking hefur brotist út. Aftur verður sóttvarnadagur í október næstkomandi.

## Ný skýrsla um sýklalyfjaónæmar bakteríur

Niðurstaða nýrrar rannsóknar á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) sem birtist í vísindatímaritinu Lancet 5.11.2018 (mynd 6) leiðir í ljós að árlega deyja um 33.000 einstaklingar af völdum sýklalyfjaónæmra baktería á Evrópska efnahagsvæðinu og er sjúkdómsbyrðin af völdum þessara baktería jafn mikil og sjúkdómsbyrði influensu, berkla og HIV/alnæmis samanlagt.

Um 75% sýkinganna tengjast heilbrigðisþjónustu einstakra landa samkvæmt þessari rannsókn sem sýnir hversu mikilvægar sýkingavarnir innan heilbrigðisstofnana eru til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir einnig að sjúkdómsbyrðin er mjög breytileg milli landa en mest var hún á Ítalíu og í Grikklandi en langminnst á Íslandi.



Niðurstöður ofangreindrar rannsóknar sýna glögg að sýklalyfjaónæmi er verulegt heilsufarslegt vandamál í Evrópu (sem og annars staðar í heiminum), sem nauðsynlegt er að fást við með kerfisbundnum hætti. Þó staðan sé vissulega góð á Íslandi er mikilvægt að landsmenn séu meðvitaðir um þá hættu sem steðjar að og hversu mikilvægt er að viðhalda þeirri stöðu. Með því að draga úr útbreiðslu fjölonæmra baktería getum við haft áhrif á batahorfur sjúklinga með smitsjúkdóma og kostnað heilbrigðiskerfisins.

Starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði tillögum um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á árinu 2017 sem vonir eru bundnar við að muni hafa marktæk áhrif til að hægja á frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis

hér á landi. Flestar tillagnanna hafa nú þegar verið innleiddar en enn á eftir að hrinda nokkrum þeirra í framkvæmd. Vonir benda til að það verði gert á næstu misserum.

### Sjá nánar:

- [Rannsókn á vegum ECDC sem birtist í vísindatímaritinu Lancet 05.11.2018.](#)
- [Greinargerð starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería.](#)